

Ed. 621. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 69 7. sept. 1943 og nr. 17 12. marz 1947 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundið atkvæði við afgreiðslu málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Verðlag hefur farið stöðugt hækkandi almennt í landinu undanfarið, og er eðlilegt, að verðlag á tóbaksvörum, sem ríkissjóður nýtur hagnaðar af, fylgist með. Til þess þarf að rýmka lagaákvæðin um álagningu tóbakseinkasölnunnar, og er það gert með frumvarpi þessu.